

STOFNSTÆÐ

Stofnstærð refa á Íslandi hefur verið metin reglulega síðan árið 1979. Það er gert með því að aldursgreina þekkt hlutfall af þeim refum sem veiddir eru hvert ár og áætla stærð stofnsins með svokallaðri aldurs-aflaaðferð. Aðferðin byggir á því að veiði sé reglubundin, dánardagur þekktur og hægt sé að aldursgreina veidd dýr. Á Íslandi eru stundaðar reglubundnar veiðar á refum og hluti aflans skilar sér inn til aldursgreiningar og mælinga, enda er Náttúrufræðistofnun Íslands í góðu samstarfi við veiðimenn af öllum landsvæðum sem senda hræ af felldum refum til stofnunarinnar.

Á árunum fyrir 1979 var refastofninn í sögulegu lágmarki, undir 1.000 dýrum. Næstu 30 árin óx stofninn samfelld, haustið 2000 var áætlað að stofninn teldi tæp 8.000 dýr og ríflega 11.000 dýr árin 2005–2008. Eftir það féll hann og var kominn niður í 6.000 dýr árið 2011. Stofninn var stöðugur og taldi um 6.500 dýr árin 2011–2015.

Á svæðum þar sem ekki eru stundaðar veiðar er hægt að meta þéttleika með því að athuga hversu mörg greni séu í ábúð á tilteknu svæði. Mikilvægast slíkra svæða er Friðlandið á Hornströndum en það er tæplega 600 km² að stærð. Þar eru þekkt um 170 greni og hefur þéttleikinn verið metinn 45–50 óðalspör. Stöðugleiki ríkir á svæðinu og ábúðarþéttleiki hefur verið svipaður í a.m.k. 15 ár. Hinsvegar hafa verið sveiflur í fjölda og lífslíkum yrdlinga að sumri og fyrsta vetri. Framboð fæðu að vetrarlagi er líklega sá þáttur sem skiptir mestu máli fyrir afkomu dýranna á Hornströndum, eins og annars staðar á landinu.

melrakki tófa lágfóta skauhfali djanki tásla
refur GRENSTEGGUR rembla VARGUR
rebbali grenlæggja SKOLLI heimskautarefur
gráfóta fót bitur gortanni rifur djangi
HOLTAPÓR tæfa REBBI blóðrekkur grenlæða
grenbúi loðbakur SKAUF DRATTHALI

Oliver Paris

NÁTTÚRUFRÆÐISTOFNUN ÍSLANDS

Náttúrufræðistofnun Íslands er rannsóknastofnun á sviði jarðvísinda, líffræði og vistfræði. Stofnunin hefur m.a. það hlutverk að veita stjórnvöldum ráðgjöf um friðlýsingu lands og tegunda en einnig um veiðipól fuglastofna svo sem rjúpna og gæsa. Á Náttúrufræðistofnun Íslands eru varðveitt í vísindasöfnum eintök af tegundum dýra og plantna, steinda og bergtegunda, sem fundist hafa á Íslandi.

Meginviðfangsefni náttúruvísindamanna sem starfa á Náttúrufræðistofnun Íslands er að skrá og kortleggja náttúru landsins og fylgjast með breytingum sem þar verða.

Refir og greni þeirra njóta friðunar samkvæmt lögum nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum. Ráðherra getur gefið leyfi til undanþágu frá friðun, til varnar tjóni. Nánari upplýsingar um refi er að finna á vef Náttúrufræðistofnunar Íslands: www.ni.is/dyrl/spendyr/melrakki



Texti: Ester Rut Unnsteinsdóttir
Kápmýnd: David Gibbon
Umbrot: María Harðardóttir
Prentun: Prentsmiðjan Oddi

Íslenski refurinn





David Gibbon

UM MELRAKKA

Melrakki hefur verið á Íslandi í árþúsundir en hann hefur sennilega átt heimkynni hér allt frá lokum Ísaldar. Elstu leifar sem fundist hafa hérlandis eru um 3.500 ára gamlar.

Melrakki finnst á meginlöndum og eyjum norðurheimskautsins. Syðstu búsvæði hans eru við Hudsonflóa í Kanada (53°N) en nyrst fer hann í N-Grænlandi (88°N). Til eru um 13 tegundir refa en þeir sem eru skyldastir tófunni eru tvær tegundir sem finnast beggja vegna Klettafjallanna í N-Ameríku.

Rannsóknir á erfðaeftni melrakka sem safnað var allt í kringum norðurheimskautið sýna að íslenski stofninn sker sig úr. Hann hefur að mestu verið erfðafraðilega aðskilinn frá öðrum stofnum frá því ísöld lauk og hefur aðlagast sérstökum aðstæðum hérlandis.

Ekki er vitað með vissu hvernig melrakki kom hingað til lands. Líklegast þykir þó að í lok Ísaldar hafi suður-evrópskir refir fært sig norðar með ísrönd-inni eftir því sem hlýnaði og Ísaldarjökullinn bráðnaði. Ekki hefur verið hægt að staðfesta þessa tilgátu.



David Gibbon

STÆRÐ OG LITUR

Melrakki er smávaxinn eða meðalstór refur. Stærð er mismunandi eftir kyni og vega dýrin meira á veturna en sumrin. Steggimir eru almennt stærri, um 58 cm að lengd og 3,6–4,3 kg að þyngd. Læðurnar eru að meðaltali 55 cm langar og vega 3,2–3,7 kg. Íslenskar tófur eignast fremur stóra yrðlinga sem ná oft fullri stærð á fjórum mánuðum.

Í samanburði við rauðref er tófan smágerð, búkur og útlímur eru styttri og eyrun rúnnað og smá. Þannig er rúmmálsyfirborð líkamans lágmarkað til að tapa minni hita í kaldri veðráttu norðurslóða.

Langflestir melrakkar í heiminum eru hvítir (98%) enda er hvítur litur hentugur felubúningur þar sem snjór þekur land eða á hafis. Á Íslandi eru þeir oftast annað hvort hvítir eða mórâuðir. Mórâuð dýr eru algeng á strandsvæðum. Þau halda lit sínum allt árið en undir lok vetrar verða þau gjarnan ljósari þegar vetrarhárin upplitast af sólinni. Hvít dýr halda sig meira inn til landsins. Þau eru næstum alhvít að vetri en að sumarlagi eru þau tvílít, grábrún á baki og ljós á kvið.

Austan við Kjöl eru hvít og mórâuð dýr jafnalgeng en á austanverðu miðhálandinu er algengara að hitta fyrir hvítar tófur. Litur dýranna getur endurspeglað hversu staðbundin þau eru því ef þau myndu ferðast óhindrað milli landshluta væri ekki munur á litafari á Austur- og Vesturlandi.

Til eru dýr sem eru bleik eða ljósmórâuð en slíkt er sjaldgæft. Bleikar tófur halda ýmist ljósmórâuðum lit allt árið eða þau fylgja tvílítakerfi hvíta afbrigðisins og verða þá ljósari á kvið að sumarlagi.



Phil Garcia

LÍFSHÆTTIR

Háttalag íslenskra refa er breytilegt eftir árstíðum. Á veturna fer fram undirbúningur fyrir fengitíma og meðgöngu og ung dýr fara að heiman í leit að maka og óðali. Bæði kyn verða kynþroska á fyrsta vetri. Fengitími er í mars og meðgangan tekur tæpa 60 daga. Flestar læður gjóta um og upp úr miðjum maí og eru yrðlingarnir algerlega háðir móðurmjólkinni fyrstu 3–4 vikurnar. Sumarið er tími vaxtar og uppeldis og sjá báðir foreldrar um að færa yrðlingunum fæðu.

Meginreglan í samfélagi refa er einkvæni og einvera og heldur refaparið saman meðan bæði lifa, það ver óðal sitt í sameiningu og sinnir uppeldi yrðlinga. Eftir uppkomu yrðlinga og fram á næsta fengitíma eru þó lítil bein samskipti milli steggs og læðu en heimikil óbein samskipti, svo sem gagg og lyktarmerkingar. Missi refur maka sinn parar hann sig fljótlega á ný og á þetta við um bæði kynin.

Fæðuval tengist árstíðabundnu framboði. Á sumrin er á flestum stöðum gnótt af fæðu og þá eru farfuglar algengastir á matseðlinum. Mýs eru aðallega étnar á haustin, ásamt krækiberjum sem eru mikilvægur orkuforði og heppilegur efniviður til fitusöfnunar fyrir veturinn. Skordýr og lirfur þeirra eru vaxandi þáttur í fæðuvali.

Á veturna eru flestir fuglar farnir til vetrarstöðvanna. Þá éta refir hræ og egg frá sumrinu, sem þeir hafa safnað og grafið sem forða. Einnig er alltaf eitthvað ætílegt að

finna við ströndina svo sem sjófuglar og sjórekin hræ, marflær og smáfiskar. Inn til landsins er algengt að refir éti hræ hreindýra og annarra spendýra, vaðfugla og gæsa.

Þegar nálgast fengitíma í mars gefa dýrin sér minni tíma til að éta, þau hreyfa sig meira og greinast, sérstaklega steggimir. Aðgangur að nægilegri fæðu yfir vetrartímann skiptir sköpum fyrir afkomu dýranna og getu þeirra til að fjölga sér.